

**Samningur velferðarráðuneytisins og Mannréttindaskrifstofu Íslands
um lögfræðiráðgjöf til innflytjenda 2017**

1. Samningsaðilar

1.1. Verkkaupi er velferðarráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, kennitala: 601210-1340.

1.2. Verksali er Mannréttindaskrifstofa Íslands, Túngata 14, 101 Reykjavík, kennitala: 620794-2019.

2. Markmið

Markmið verkefnisins er að stuðla að því að fólk af erlendum uppruna sé upplýst um rétt sinn innan íslenska stjórnkerfisins svo því sé tryggð réttlát málsmeðferð út frá 1. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.

3. Verkefni

3.1. Mannréttindaskrifstofa Íslands, hér eftir MRSÍ, veitir fólki af erlendum uppruna sérhæfða lögfræðiráðgjöf því að kostnaðarlausu. Þjónustan skal veitt á landsvísu eftir því sem við verður komið með samskiptum í gegnum tölvupóst, síma eða vefinn. Verkefnið skal unnið í nánu samstarfi við Fjölmenningarsetrið sem mun veita ráðgjöf þegar þess er þörf og aðstoða við túlkun.

3.2. Verkefnið er í höndum MRSÍ sem útvegar aðstöðu og mannafla til að veita þjónustuna til þess að uppfylla ákvæði fyrrnefndra laga um málefni innflytjenda. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu.

3.3. MRSÍ upplýsir velferðarráðuneytið um framkvæmd samningsins. Skýrslu um framkvæmdina fyrstu sex mánuði ársins skal skila eigi síðar en 1. ágúst og um framkvæmdina í heild fyrir 1. febrúar 2018. Í skýrslunum skal meðal annars koma fram fjöldi einstaklinga sem nýtt hefur þjónustuna, fjöldi viðtala, flokkun viðtala eftir helstu ástæðum ráðgjafar og fjöldi mánaða sem þjónustan er í boði.

4. Greiðslur

4.1. Verkkaupi greiðir fullnaðargreiðslu við undirritun samnings og skal hún standa straum af öllum kostnaði tengdum verkefninu hjá MRSÍ.

4.2. Fjárhæðir skiptast með eftirfarandi hætti, miðað við fulla nýtingu samningsfjárhæðar:

Verkefni	Fjárhæð og fjöldi	Alls
Viðtal við lögfræðing	520 viðtöl á 5.500 kr.	2.860.000
Rekstrarkostnaður	85.000 kr. á mánuði	1.020.000
Túlkakostnaður	168.000 kr. á mánuði	2.016.000
Samtals		5.896.000

4.3. Framlögum sem ekki nýtast til að veita þjónustu á árinu 2017 skal skilað í árslok.

5. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

5.1. Fjármögnun verkefnisins er af fjárlagalið 08-301-1.49. Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna.

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Málal.	// 20.01
11. APR. 2017	
Ábm.	(LRA) + HHS + BB
Málsnr. VEK	1704000

MJ
MS

5.2. Halda skal kostnaði vegna verkefnisins sérgreindum í bókhaldi verksala og veita verkkaupa upplýsingar um fjárhagsstöðu verkefnisins á miðju verkefnisári og í lok þess. Verksali skal veita verkkaupa upplýsingar um stöðu verkefnisins, óski hann þess. Upplýsingarnar skal afhenda í síðasta lagi tveimur vikum eftir að beiðni berst.

6. Fyrirvari

Lögmönnum eða lögfræðingum sem veita ráðgjöf samkvæmt þessum samningi er óheimilt að vísa skjólstæðingum áfram til einstakra lögmanna eða lögmannsstofa þar sem ráðgjafinn hefur hagsmuna að gæta. Þó er heimilt að veita upplýsingar um hvaða lögmenn sérhæfa sig á tilteknum réttarsviðum.

7. Vanefndir

7.1. Telji samningsaðilar framkvæmd verkefnisins, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða að samningsaðilar uppfylli ekki samningsskyldur sínar sem fram koma í þessum samning þrátt fyrir að hafa fengið frest til úrbóta, skal gerð skrifleg athugasemd þar að lútandi.

7.2. Verði verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu samningsaðila getur hvor aðili um sig sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.

7.3. Hafi samningsaðilar sagt upp samningnum vegna vanefnda er mögulegt að krefjast bóta vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af uppsögninni. Um bætur vegna annars tjóns fer eftir almennum skaðabótareglum.

7.4. Heimilt er að rifta samningi þessum verði verksali uppvís að lögbroti í starfsemi sinni.

8. Réttarfar

Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

9. Framsal réttinda

9.1. Verksala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.

9.2. Verksala er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.


10. Samningstími

Samningur þessi er gerður skv. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 146/2015, og gildir frá 1. janúar til 31. desember 2017 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

11. Frumrit samnings og fyrirvari um staðfestingu

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvor um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa og annað í vörslu verksala.

Reykjavík, 11. apríl 2017



Þorsteinn Víglundsson

Félags- og jafnréttismálaráðherra



Margrét Steinarsdóttir

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands